05.11.2026

Bæjarráð - 2510. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, fimmtudaginn 5. nóvember 2026 og hófst hann kl. 16:15

Fundinn sátu:
Kristján Jón Guðmundsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Kristinn Gauti Einarsson og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. **Framkvæmdir 2026 - 2606040**

   Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

   Bæjarráð fór yfir stöðu framkvæmda og verkefna. Staðan er að mestu óbreytt frá síðasta fundi. Byggingarfulltrúi vinnur að því að ljúka opnum málum áður en hann lætur af störfum á næstu dögum.

2. **Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2027 - 2608013**

   Fjárhagsáætlun ársins 2027 til umræðu. Farið yfir stöðu vinnunnar og helstu forsendur áætlunarinnar.

   Bæjarráð fór yfir stöðu vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2027 og leggur til að fyrirhuguðum bæjarstjórnarfundi verði frestað til að gefa svigrúm til frekari yfirferðar á áætluninni. Áætlunin verður tekin til nánari umfjöllunar á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 10. nóvember.

3. **Gjaldskrár 2027 - 2610059**

   Drög að gjaldskrá ársins 2027 lögð fram til umræðu.

   Bæjarráð fór yfir drög að gjaldskrám ársins 2027. Málið verður tekið til frekari umfjöllunar á næsta fundi bæjarráðs.

4. **Heima eftir 10 ár - 2611014**

   Óskað er eftir þátttöku Bolungarvíkurkaupstaðar í verkefninu Heima eftir tíu ár, sem hefur það að markmiði að fá fram framtíðarsýn íbúa, einkum ungs fólks, um samfélagið og þróun þess. Verkefnið er fyrirhugað í samstarfi við sambærileg samfélög innanlands og erlendis og felur ekki í sér fjárhagslega skuldbindingu sveitarfélagsins á undirbúningsstigi.

05.11.2026

Bæjarráð tekur jákvætt í þátttöku Bolungarvíkurkaupstaðar í verkefninu Heima eftir tíu ár. Allar skuldbindingar sem kunna að fela í sér fjárútlát, vinnuframlag starfsfólks eða aðra nýtingu á aðföngum sveitarfélagsins skulu lagðar fyrir bæjarráð til samþykktar áður en til þeirra er stofnað.

5. Fundagerðir stjórnar NAVE 2026. - 2603012

Fundargerð 161. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða frá 29.október 2026 lögð fram til kynningar.

Fundargerð kynnt

6. Fundagerðir stjórnar NAVE 2026. - 2603012

Lögð fram til kynningar fjárhagsáætlun Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2027 ásamt áætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin gerir ráð fyrir samdrætti í tekjum og umsvifum árið 2027, en rekstur stofunnar er áfram áætlaður í jafnvægi með jákvæðri afkomu.

Fjárhagsáætlun kynnt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45